

Fimmtudaginn 3. desember 1998.

Nr. 91/1998.

Sigríður Kristinsdóttir

(Sigurður G. Guðjónsson hrl.)

gegn

Aðalbirni Jóakimssyni

(Ragnar H. Hall hrl.)

og gagnsök

Hjón. Fjárskipti. Lífeyrir.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Gunnlaugur Claessen og Arnljótur Björnsson og Björn Þ. Guðmundsson, settur hæstaréttardómari.

Aðaláfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar 2. mars 1998 og krefst þess, að fjárskiptasamningur sinn og gagnáfrýjanda 3. apríl 1995 ásamt viðauka 28. apríl 1995 og viðbótarsamningi 19. október 1995 verði dæmdur ógildur. Einnig krefst aðaláfrýjandi þess, að samkomulagi málsaðila um makalífeyri 2. maí 1995 verði breytt þannig, að gagnáfrýjanda verði gert að greiða sér að auki 125.000 krónur á mánuði frá útgáfu leyfisbréfs til skilnaðar að borði og sæng 27. október 1995 til dómsuppsögu í lögskilnaðarmáli aðila 6. nóvember 1997. Loks krefst aðaláfrýjandi málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi áfrýjaði málinu 20. mars 1998 og krefst staðfestingar héraðsdóms um annað en málskostnað. Jafnframt krefst hann þess, að aðaláfrýjandi verði dæmdur til að greiða málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

I.

Fyrir Hæstarétti styður aðaláfrýjandi kröfur sínar meðal annars við það, að líta verði til þess, að gagnáfrýjandi sé mun betur settur en hún vegna lífeyrisréttinda, sem hann hafi aflað sér með greiðslum lífeyrissjóðsiðgjalda. Lífeyrisréttindi aðaláfrýjanda séu á hinn bóginn mjög takmörkuð, þar eð hún hafi lengst af ekki unnið utan heimilis og þá ekki greitt iðgjald í lífeyrissjóð. Málsástæða þessi var

ekki borin fram í héraði, og hefur gagnáfrýjandi andmælt því, að hún komist að hér fyrir dómi. Þegar af þeirri ástæðu kemur hún ekki til álita.

II.

Svo sem rakið er í héraðsdómi, fóru málsaðilar saman á skrifstofu sýslumannsins á Ísafirði 3. apríl 1995 og óskuðu eftir skilnaði að borði og sæng. Samkvæmt gerðabók sýslumanns var samkomulag með þeim um sameiginlega forsjá yngsta barns þeirra og lögheimili þess. Einnig var bókað, að ekki væri gerð krafa um meðlagsgreiðslur og að hvorugt hjóna krefðist lífeyris úr hendi hins. Loks segir, að samkomulag sé um fjárskipti, sbr. samning hjónanna 3. apríl 1995, sem lagður verði fram síðar þann dag. Samningurinn var þó ekki lagður fram þá, og er ekki ljóst, hvenær hann barst sýslumanni.

Meginágreiningur í máli þessu varðar þrjá samninga um fjárslit málsaðila vegna skilnaðar að borði og sæng. Eru þeir dagsettir 3. apríl, 28. apríl og 19. október 1995 og undirritaðir af báðum aðilum á skrifstofu Björns Jóhannessonar héraðsdómslögmanns, er skrifaði undir samningana sem vottur. Lögmaðurinn hefur fyrir dómi lýst aðdraganda að samningsgerð þessari. Kvað hann gagnáfrýjanda hafa hringt til sín 3. apríl 1995 og spurst fyrir um, hvort hann gæti gert skilnaðarsamning fyrir málsaðila. Hafi þau síðar sama dag komið á skrifstofu sína með prentuð drög að skilnaðarsamningi, þar sem kveðið var á um fjárskipti, forsjá, umgengnisrétt og lífeyrismál. Hafi síðan orðið úr, að hann hafi eingöngu gert samning um fjárskiptin. Er ómótmælt, að drögin, sem lögmaðurinn fékk, hafi verið gerð á vegum gagnáfrýjanda eins og samningur, er málsaðilar skrifuðu undir 24. febrúar 1995 og getið er í héraðsdómi.

Í héraðsdómi eru rakin helstu ákvæði samningsins 3. apríl 1995 um, hverjar eignir skyldu koma í hlut hvors hjóna um sig. Skyldu fasteign og bifreið koma í hlut aðaláfrýjanda, en gagnáfrýjandi skyldi fá öll hlutabréf og hlut í harðfiskshjalli. Þar er þess og getið, hvaða skuldir hvort þeirra um sig tók að sér að greiða. Í dóminum segir einnig, að í hlut aðaláfrýjanda skuli koma 6.000.000 króna í reiðufé og allt innbú að frátöldum persónulegum munum gagnáfrýjanda. Ákvæði þessa efnis um innbú og greiðslu á 6.000.000 króna voru þó ekki í samningi þessum, heldur í samkomulagi undirrituðu

28. apríl 1995. Hvorki var í hinum þremur umdeildu samningum né samningnum frá 24. febrúar 1995 gerð grein fyrir, hvað málsaðilar áttu í reiðufé. Hins vegar kemur fram í samningnum 3. apríl, að öðrum eignum, svo sem innbúi, hafi verið skipt samkvæmt sérstöku samkomulagi. Mun þar vera átt við munnlegt samkomulag, en engin gögn eru um, að neitt hafi verið fært í letur um efni þess fyrr en 28. apríl. Í samkomulaginu frá þeim degi er vísað til samningsins 3. apríl og sagt, að samkomulagið skoðist sem hluti af honum. Eftir skýrslum fyrir dómi mun gagnáfrýjandi hafa greitt aðaláfrýjanda umræddar 6.000.000 króna á tímabilinu frá 3. til 28. apríl 1995.

Áðurnefndur héraðsdómslögmaður bar fyrir dómi, að fljótlega eftir 28. apríl 1995 hefði aðaláfrýjandi komið til sín og lýst óánægju með samningana um skiptingu eigna hjónanna. Hafi hún talið á sig hallað, aðallega með ákvæðum um verð hlutabréfanna. Lögmaðurinn kvaðst að því búnu hafa kynnt gagnáfrýjanda viðhorf aðaláfrýjanda. Síðan hafi „þetta svona þróast stig af stigi“ og málsaðilar undirritað viðbótarsamning 19. október 1995. Gagnáfrýjandi veðfengir ekki þá frásögn aðaláfrýjanda, að hún hafi á fundi þeirra með lögmanninum þann dag í upphafi krafist 5.000.000 króna úr hendi hans. Með þessum samningi féllst gagnáfrýjandi á að greiða aðaláfrýjanda 2.000.000 króna. Þar var og kveðið svo á, að aðilar ættu ekki frekari kröfur umfram það, sem leiddi af samningnum. Lögmaðurinn skýrði svo frá, að áður en ritað var undir samninginn, hefðu aðilar deilt um fjárhæð, en endirinn orðið greindar 2.000.000 króna. Í samningnum 19. október 1995 segir svo: „Samkomulag þetta kemur til viðbótar þeim samningum, sem gerðir hafa verið milli okkar um fjárskiptin, frá 4. og 28. apríl 1995, og skoðast samkomulag þetta sem hluti þeirra.“

27. október 1995 gaf sýslumaðurinn á Ísafirði út leyfi fyrir málsaðila til skilnaðar að borði og sæng. Segir í leyfisbréfinu, að samkomulag sé um fjárskipti, sbr. samning hjónanna 3. apríl 1995. Aðilar komu síðan fyrir fulltrúa sýslumanns, aðaláfrýjandi 6. nóvember 1995 og gagnáfrýjandi 9. sama mánaðar, og staðfestu fjárskipta-samninginn frá 3. apríl 1995 með undirritun í gerðabók. Þar er einnig svohljóðandi bókun: „Fulltrúa hefur verið tjáð, að við samning þennan hafi verið gerðir tveir viðaukar, 28. apríl og 19. október 1995.“

III.

Í upphafi II. kafla hér á undan var greint frá því, að 3. apríl 1995 hefði verið bókað eftir málsaðilum á skrifstofu sýslumanns, að samkomulag væri með þeim um sameiginlega forsjá yngsta barns þeirra og lögheimili þess, svo og, að ekki væri gerð krafa um meðlagsgreiðslur og að hvorugt hjóna krefðist lífeyris úr hendi hins. 25. sama mánaðar kom aðaláfrýjandi á skrifstofu sýslumanns og kvaðst ekki fallast á skilnað með þeim skilmálum, sem hjónin höfðu áður lagt til grundvallar. Fór aðaláfrýjandi nú fram á lífeyri til sín frá gagnáfrýjanda og kvaðst ekki sætta sig við, að lögheimili yngsta barns þeirra yrði hjá gagnáfrýjanda, eins og áður hafði verið ráðgert. Samkomulag tókst 2. maí 1995 um greiðslu lífeyris til aðaláfrýjanda, sem varð 750.000 króna eingreiðsla. Aðilar deildu áfram um forsjá yngsta barnsins, meðlag með því og fleira þar til 27. október 1995, er leyfi til skilnaðar að borði og sæng var gefið út.

IV.

Upphaflegur samningur um fjárskipti milli málsaðila 3. apríl 1995 sætti samkvæmt framansögðu breytingum með tveimur skriflegum samningum. Samkvæmt efni og orðalagi samninganna þriggja verður að líta á þá sem eina heild.

Í 2. mgr. 95. gr. hjúskaparlaga nr. 31/1993 er heimild til að fella úr gildi með dómi samning, sem hjón hafa gert um fjárskipti sín vegna væntanlegs skilnaðar að borði og sæng eða lögskilnaðar. Skilyrði til að beita lagaheimildinni er, að samningur hafi verið bersýnilega ósanngjarn á þeim tíma, er til hans var stofnað. Endanlegt samkomulag málsaðila um skipti eigna komst samkvæmt framansögðu ekki á, fyrr en seinni samningsviðaukinn var gerður 19. október 1995. Verður því að miða við þann dag, þegar meta skal, hvort samkomulagið sé bersýnilega ósanngjarnt. Er ekki fallist á með héraðsdómi, að ákvæði 1. mgr. 101. gr. hjúskaparlaga um tímamark við úrlausn um eignir og skuldir styðji aðra niðurstöðu. Má hér hafa í huga, að meðal annars koma til skipta arður, vextir og annars konar tekjur, sem fengist hafa af eignum og réttindum hjóna, frá því að yfirvald tók fyrst fyrir umsókn þeirra um leyfi til skilnaðar fram til þess, að fjárskiptum lýkur með samningi eða á annan hátt, sbr. 1. mgr. 104. gr. laga nr. 20/1991 um skipti á dánarbúum o. fl.

Í héraðsdómi er ýtarlega greint frá, hvernig eignir og skuldir skyldu skiptast milli málsaðila samkvæmt hinum umdeildu samningum, meðal annars, að öll hlutabréf, sem voru hjúskapareign hvors um sig, skyldu koma í hlut gagnáfrýjanda. Þar segir einnig frá peningagreiðslum samkvæmt samkomulagi aðila. Er óumdeilt, að greiðslurnar voru allar inntar af hendi. Má um skiptingu eigna og mat á þeim vísa til héraðsdóms að öðru leyti en því, sem nú verður rakið.

Héraðsdómur taldi, að í skiptum aðila væri rétt að leggja til grundvallar eignir þeirra 3. apríl 1995. Dómurinn taldi verðmæti hlutafjár beggja málsaðila í Dynjanda hf., sem var alls 75% heildarhlutafjár í félaginu, að gefnum nánar tilteknum forsendum hafa verið þann dag alls 9.538.000 krónur og „nettóverðmæti hlutarins eftir greiðslu skatta“ 4.087.000 krónur. Ekki hafa komið fram neinar skýringar á því, hvers vegna reglur um skattskyldu söluhagnaðar af hlutabréfum eigi að lækka hlut aðaláfrýjanda við skiptin með þeim hætti, sem í héraðsdómi er gert.

Meðal hjúskapareigna málsaðila var hlutafé í Bakka hf. Hlutafé þeirra var alls 81,46% heildarhlutafjár, sem skiptist til helminga. Var hjúskapareign hvors þeirra um sig því 40,73% hlutafjár í félaginu. Dómkvaddir matsmenn mátu 6. október 1997 verðmæti 81,46% hlutafjáreignar í Bakka hf. Niðurstaða matsmanna var sú, að verðmæti alls hlutafjár málsaðila hefði verið 3. apríl 1995 frá 35.200.000 til 41.600.000 króna. Var þá lagt til grundvallar, að markaðsvirði alls hlutafjár í félaginu væri 55–65% af 78.600.000 króna, sem matsmenn töldu hafa verið eigið fé félagsins 3. apríl 1995. Niðurstaða þeirra um verðmæti 81,46% hlutafjár 19. október sama ár var frá 84.900.000 til 100.300.000 króna. Var þá miðað við sömu hundraðshluta og áður, það er 55–65% af 189.400.000 krónum, sem metið var eigið fé félagsins í heild 19. október 1995. Í matinu er ekki tekið tillit til tekjuskatts, sem eigandi hlutabréfanna kynni að þurfa að greiða, ef hann seldi þau. Af matinu sést ekki, hvort niðurstöður hefðu breyst hlutfallslega, ef það hefði einungis tekið til 40,73% hlutafjár. Í skýrslu annars matsmanna fyrir dómi kom hins vegar fram, að ef matsmönnum hefði verið falið að meta verð 10% hlutar í félaginu, væri líklegt, að þeir hefðu lagt til grundvallar matinu nálægt 40% í

stað 55–65%. Hvað sem síðargreindu atriði líður, er ljóst, að samkvæmt mati hinna dómkvöddu manna var umdeilt hlutfé miklu meira virði í október 1995 en nafnvirði þess, en við það var miðað í hinu umdeilda samkomulagi. Matinu hefur ekki verið hnekkkt, og verður það lagt til grundvallar dómi.

Héraðsdómur miðaði við lægsta verðmat hlutabréfanna 3. apríl 1995, sem var 35.200.000 krónur, og taldi, að til grundvallar dómi bæri að leggja, að verðmæti þeirra hefði þá verið 27.193.000 krónur að teknu tilliti til greiðslu tekjuskatts. Samkvæmt framansögðu ber hins vegar að miða við eignir aðila, eins og þær voru 19. október 1995, að frádregnum skuldum. Þá var verðmæti 81,46% hlutafjáreignar í Bakka hf. eftir mati dómkvaddra manna 84.900.000–100.300.000 króna, eins og áður segir.

Með framangreindum aðferðum taldi héraðsdómur verðmæti hlutar aðaláfrýjanda eftir hinum umdeildu samningum hafa verið 3. apríl 1995 samtals 18.638.000 krónur (43,5% af hreinni eign hjónanna), en verðmæti hlutar gagnáfrýjanda 24.270.000 krónur (56,5% af hreinni eign þeirra). Samkvæmt því var niðurstaða héraðsdóms sú, að 2.816.000 krónur vantaði á, að aðaláfrýjandi hefði fengið helming af hreinni eign hjónanna, eins og stefnt hefði verið að við fjárskiptin. Þrátt fyrir þetta taldi héraðsdómur ekki nægilega sýnt fram á, að samkomulagið hefði verið bersýnilega ósanngjarnt, þar sem aðaláfrýjandi hefði fengið í sinn hlut fasteign, bifreið, innanstokksmuni og peninga, en gagnáfrýjandi aðallega hlutabréf í lokuðum útgerðarfélagum með óvissu markaðsverði.

Eftir mati hinna dómkvöddu manna var verðmæti 81,46% hlutar í Bakka hf. 19. október 1995 um 50.000.000 til 59.000.000 króna meira en matsfjárhæðin 3. apríl 1995. Svarar það til þess, að virði hlutafjár aðaláfrýjanda, sem falla skyldi gagnáfrýjanda einum í skaut eftir fjárskiptasamningunum, hafi verið 25.000.000 til 29.500.000 krónum meira í október en apríl 1995. Þegar lítið er til þess og annars, er áður greinir, þykir aðaláfrýjandi hafa sýnt nægilega fram á, að samkomulag um fjárskipti hjónanna sé bersýnilega ósanngjarnt. Breytir ekki þeirri niðurstöðu, jafnvel þótt miðað væri við lægri töluna, 25.000.000 króna, og hún lækkuð með tilliti til þess, að tekjuskattur yrði greiddur af hagnaði, ef hlutabréfin yrðu seld, og að matsgrundvöllur kynni að hafa orðið nokkru lægri, ef miðað hefði verið við

40,73% hlutfjár. Vísast um síðastnefnda atriðið til skýringa matsmanns fyrir dómi, sem áður er getið. Þegar þessa er gætt, þarf ekki að taka afstöðu til annarra röksemda, sem aðaláfrýjandi hefur bent á til stuðnings því, að fjárskiptasamningarnir séu bersýnilega ósanngjarnir. Verða greindir samningar um fjárskipti aðila felldir úr gildi samkvæmt 2. mgr. 95. gr. hjúskaparlaga.

Fallast má á með skírskotun til forsendna héraðsdóms niðurstöðu hans um að taka ekki til greina kröfu aðaláfrýjanda um breytingu á samkomulagi 2. maí 1995 um greiðslu lífeyris til aðaláfrýjanda.

Eftir þessum úrslitum verður gagnáfrýjandi dæmdur til að greiða aðaláfrýjanda málskostnað, sem er ákveðinn í einu lagi í héraði og fyrir Hæstarétti, eins og segir í dómsorði.

D ó m s o r ð:

Fjárskiptasamningar aðaláfrýjanda, Sigríðar Kristinsdóttur, og gagnáfrýjanda, Aðalbjörns Jóakimssonar, 3. apríl, 28. apríl og 19. október 1995 eru felldir úr gildi.

Gagnáfrýjandi er sýkn af kröfu aðaláfrýjanda um lífeyri frá 27. október 1995 til 6. nóvember 1997.

Gagnáfrýjandi greiði aðaláfrýjanda samtals 1.000.000 króna í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómur Héraðsdóms Vestfjarða 23. janúar 1998.

Mál þetta höfðaði stefnandi, Sigríður Kristinsdóttir, kt. 100648-4669, Bakkavegi 35, Ísafirði, á hendur stefnda, Aðalbirni Jóakimssyni, kt. 121049-3849, Holtastíg 11, Bolungarvík, með stefnu, birtir 17. október 1996, en mál-ið var þingfest 23. sama mánaðar.

Við framlagningu greinargerðar stefnda 4. desember 1996 var þess kraf-ist, að málinu yrði vísað frá dómi vegna vanreifunar. Þeirrar kröfu var synj-að með úrskurði dómsins, upp kveðnum 12. febrúar 1997. Voru þá að beiðni stefnanda dómkvaddir matsmenn til að meta verðmæti hlutabréfa í Bakka hf., Hnífsdal, sem stefndi fékk í sinn hlut við skilnað málsaðila að borði og sæng. Matsgerð var lögð fram á dómþingi 8. október 1997. Eftir árang-urslausar sáttatilraunir 6. nóvember sama ár voru meðdómendur kvaddir til setu í dómi.

I.

Endanlegar dómkröfur stefnanda eru þær, að fjárskiptasamningur sinn og stefnda vegna skilnaðar að borði og sæng, dagsettur 3. apríl 1995, ásamt viðauka, dagsettum 28. apríl 1995, og viðbótarsamningi, dagsettum 19. október 1995, verði með dómi lýstur ógildur. Þá er þess krafist, að samkomulagi um makalífeyri frá 2. maí 1995 verði breytt á þann veg, að stefnda verði gert að greiða stefnanda að auki 125.000 krónur á mánuði frá útgáfu leyfisbréfs til skilnaðar að borði og sæng 27. október 1995 til dómsuppsögu 6. nóvember 1997 í lögskilnaðarmáli milli sömu aðila (mál réttarins nr. E-70/1997). Loks er krafist málskostnaðar úr hendi stefnda að mati dómsins.

Stefndi krefst þess við efnismeðferð málsins, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda í málinu. Jafnframt verði stefnandi dæmdur til greiðslu málskostnaðar að skaðlausu samkvæmt mati dómsins.

II.

Málsaðilar hófu búskap árið 1968 og gengu í hjónaband 1972. Saman eiga þau börnin Kristín Leví, fæddan 1971, tvíburana Gabríelu og Önnu, fædda 1975, og Tinnu, fædda 1981. Stefndi annaðist heimili og börn, á meðan stefndi var til sjós, allt til ársins 1987, er þau keyptu hlut í rækjuverksmiðju í Hnífsdal og stofnuðu ásamt fleirum útgerðarfélagið Bakka hf., Hnífsdal. Hlutfé var upphaflega 4.800.000 krónur, og áttu aðilar hvor fyrir sig fjórðung hlutabréfa í hinu nýja fyrirtæki. Árið 1989 var hlutfé aukið um 6.000.000 krónur og árið 1992 enn um 5.000.000 krónur. Á aðalfundi 27. nóvember 1992 voru aðilar og sonurinn Kristinn Leví kosin í aðalstjórn félagsins og dæturnar Anna og Gabríela í varastjórn. Sama ár keyptu aðilar hluta meðeigenda sinna út úr fyrirtækinu og áttu eftir það 81,46% hlutafjár á móti 9% hlut Agnars Ebeneserssonar og smærri hlutum barna sinna. Áður höfðu aðilar keypt meiri hluta í útgerðarfélaginu Dynjanda hf. með hlutfé, samtals að fjárhæð 2.800.000 krónur, og tekið sæti í stjórn þess félags í apríl 1990. Í desember 1994 stofnuðu Bakki hf., Hnífsdal, stefndi og Agnar Ebenesersson dótturfyrirtækið Bakkaskip hf. með hlutfé að fjárhæð 400.000 krónur. Stefndi sat í stjórn Bakka hf., Hnífsdal, og gegndi þar stöðu stjórnarformanns frá 27. nóvember 1992 til aðalfundar 17. apríl 1995. Stefndi var á sama tíma framkvæmdastjóri félagsins. Í júní 1995 keypti Bakki hf., Hnífsdal, meiri hluta í útgerðarfélaginu Ósvör hf. í Bolungarvík og dótturfélögum þess. Í desember 1995 var hlutfé í Bakka hf., Hnífsdal, aukið úr 15.800.000 krónum í 21.900.000 krónur. Ári síðar var rekstur framangreindra hlutafélaga að Dynjanda hf. undanskildu sameinaður undir nafni Bakka Bolungarvík hf. og þau rekin sem eitt fyrirtæki fram á mitt

ár 1997, er Bakki Bolungarvík hf. rann saman við fyrirtækið Þorbjörn hf. í Grindavík.

Af framburði málsaðila fyrir dómi verður ráðið, að brestir hafi verið komnir í hjónaband þeirra seinni hluta árs 1994. Kveðst stefndi síðsumars hafa fært skilnað í tal við stefnanda, en hún brugðist illa við og ekki viljað ræða um mögulegan skilnað og skilnaðarkjör fyrr en um áramót 1994/1995. Er þá var komið sögu, taldi stefnandi sig vita, að stefndi væri í tygjum við aðra konu, en hann dvaldist þá fjarri heimili þeirra langdvölum. Segir stefnandi þetta hafa valdið sér þunglyndi og kvíða. Hún hafi því fengið ávísuð róandi lyf og þunglyndislyf, sem hún hafi tekið fram í marsmánuð 1995.

24. febrúar 1995 komu málsaðilar á skrifstofu Þorvarðar Gunnarssonar, löggilts endurskoðanda Bakka hf., Hnífsdal, og Dynjanda hf., og undirrituðu samning um skipti á búi sínu, sem taka skyldi gildi, ef til skilnaðar kæmi á árinu. Samkvæmt vætti Þorvarðar fyrir dómi mun stefndi áður hafa sett sig í samband við vitnið og beðið það að útbúa greindan samning á grundvelli munnlegra upplýsinga frá stefnda. Vitnið kvaðst ekki hafa rätt efni samningsins við aðila við undirritun, en þau hafi komið hvort í sínu lagi á skrifstofu vitnisins og vírst vera sátt við efni hans.

3. apríl 1995 fóru málsaðilar saman á skrifstofu sýslumannsins á Ísafirði og óskuðu eftir skilnaði að borði og sæng. Samkvæmt endurriti úr gerðabók sýslumannsembættisins fyrir hjónaskilnaði að borði og sæng tókst þann dag samkomulag með aðilum um sameiginlega forsjá yngsta barnsins, um framfærslueyri og aðra skilnaðarskilmála, þar á meðal fjárskipti samkvæmt samningi, dagsettum 3. apríl 1995, sem lagður skyldi fram sama dag. Yrði síðan gefið út leyfisbréf til skilnaðar að borði og sæng. Áður en til þess kom, krafðist stefnandi 25. apríl 1995 lífeyris úr hendi stefnda og kvaðst ósátt vera við fyrri ákvörðun aðila um heimilisfesti yngsta barnsins hjá stefnda. Var sá ágreiningur til meðferðar hjá sýslumannsembættinu fram til 27. október 1995, er samkomulag náðist um forsjá barnsins hjá stefnanda, en áður hafði stefndi fallist á kröfu stefnanda um greiðslu lífeyris í sex mánuði með eingreiðslu, að fjárhæð 750.000 krónur. Sama dag gaf löglærður fulltrúi sýslumanns út leyfisbréf til skilnaðar aðila að borði og sæng. Um fjárskipti er í leyfisbréfinu vísað til fram lagðs samnings frá 3. apríl 1995. Aðilar komu til fulltrúa sýslumanns, stefnandi 6. nóvember og stefndi 9. nóvember 1995, og staðfestu gildi nefnds fjárskiptasamnings. Höfðu þá verið gerðir við hann tveir viðaukar, dagsettir 28. apríl og 19. október 1995. Er þeirra getið á vottorði sýslumannsembættisins um staðfestingu skilnaðarsamkomulagsins. Verður nú rakið meginefni tilvitnaðra samninga.

Aðila greinir ekki á um, að stefndi hafi fært í letur drög að fjárskipta-

samningi þeim, sem dagsettur er 3. apríl 1995, og afhent stefnanda samningsdrögin. Aðilar leituðu síðan sameiginlega til Björns Jóhannessonar, héraðsdómslögmanns á Ísafirði, og óskuðu eftir, að hann gengi þann dag formlega frá fjárskiptasamningi þeirra í milli á grundvelli samningsdraganna. Þá er óumdeilt, að viðauki sá, sem dagsettur er 28. apríl 1995, hafi í raun verið gerður sama dag á skrifstofu lögmannsins og skyldi skoðast sem hluti af fjárskiptasamningi þeim, sem síðan var lagður fyrir sýslumann til staðfestingar. Verður því hér á eftir gerð grein fyrir efni samninganna í einu lagi og til hægðarauka vísað til þeirra sem eins samnings. Fyrir liggur, að stefnandi óskaði eftir að fá í sinn hlut fasteign aðila að Bakkavegi 35 í Hnífsdal, en gerði ekki tilkall til hlutdeildar í hlutafjäreign þeirra. Í samningnum, sem aðilar undirrituðu í viðurvist lögmannsins án athugasemda eða fyrirvara, er kveðið á um svohljóðandi skiptingu eigna og skulda, sem koma skyldu undir skipti:

A. Í hlut stefnanda skyldu koma:

1. fasteignin Bakkavegur 35, að brunabótamatsverði 15.219.000 krónur, en fasteignamatsverði 8.877.000 krónur,
2. Toyota-bifreið, árgerð 1994, metin af aðilum á 1.000.000 krónur,
3. allt innbú að Bakkavegi 35 að frátöldum persónulegum munum stefnda,
4. 6.000.000 krónur í reiðufé,
5. yfirtaka áhvílandi veðskulda á nefndri fasteign, annars vegar eftirstöðvar tveggja veðskuldabréfa, samtals að fjárhæð 211.908 krónur, og hins vegar skuld við Próunarsjóð sjávarútvegsins, að eftirstöðvum 2.017.512 krónur.

B. Í hlut stefnda skyldu koma:

1. hlutabréfin í Bakka hf., metin af aðilum á nafnverði 12.870.000 krónur,
2. hlutabréfin í Dynjanda hf., metin af aðilum á nafnverði 2.100.000 krónur,
3. hlutabréf í Íslandsbanka hf., metin af aðilum á nafnverði 13.800 krónur,
4. hlutur í harðfiskshjalla, að fasteignamatsverði 50.000 krónur.

Aðilar eru sammála um, að með framangreindri skiptingu eigna og skulda hafi verið stefnt að helmingaskiptum á búi þeirra í samræmi við 103. gr. hjúskaparlaga nr. 31/1993, og staðfestu aðilar með undirritun sinni, að þeir hefðu í því sambandi kynnt sér öll gögn um eigna- og skuldastöðu búins og ættu eftir staðfestingu samningsins ekki frekari kröfur hvort á annað. Þá greinir aðila ekki á um, að við gerð samningsins hafi verið ákveðið að miða verðmæti hlutabréfanna í Bakka hf., Hnífsdal, og Dynjanda hf. við

nafnverð og meta andvirði annarra eigna með hliðsjón af því. Af framburði aðila fyrir dómi er þó óljóst, hvert verðmat þau lögðu á framangreint innbú. Kveður stefnandi innbúið hafa verið metið á 1.500.000 krónur, en stefndi telur verðmæti þess hafa verið að miklum mun meira. Samkvæmt vætti Björns Jóhannessonar héraðsdómslögmanns mun andvirði innbúsins hafa verið talið í kringum 1.500.000 krónur. Vitnið bar enn fremur fyrir dómi, að aðilar hefðu við samningsgerðina virst vera í andlegu jafnvægi og fyllilega sammála um gerð og efni samningsins. Vitnið kvað engin gögn hafa verið lögð fyrir sig við gerð samningsins, en komið hefði fram í samningsdrögunum, sem vitnið miðaði við, að stefnandi hefði kynnt sér öll gögn til að meta hlutabréfaeign aðila og gerði engar athugasemdir við þær fjárhæðir, sem þar væru settar fram.

Sumarið 1995 vöknudú hjá stefnanda efasemdir um réttmæti framangreindrar eignaskiptingar, sérstaklega að því er varðaði mat á verðgildi hlutabréfanna í Bakka hf., Hnífsdal. Leitaði hún því álits hjá bróður sínum, Guðmundi Kristinssyni, sem rak fyrirtæki í Reykjavík, og sýndi honum ársreikning félagsins 1994, er áritaður hafði verið 13. apríl 1995. Hafði stefnandi þá samband við Björn Jóhannesson héraðsdómslögmann og óskaði eftir endurskoðun á fjárskiptasamningi aðila. Taldi hún á sig hallað við fjárskiptin og krafðist 5.000.000 króna til viðbótar í sinn hlut.

Með samningi aðila frá 19. október 1995, sem skyldi skoðast sem hluti af fyrri fjárskiptasamningi, féllst stefndi á viðbótargreiðslu til stefnanda, að fjárhæð 2.000.000 krónur. Jafnframt skyldi stefndi inna af hendi skattgreiðslu af þeirri fjárhæð, kæmi til þess, að hún yrði reiknuð stefnanda til tekjuskatts. Segir í greindu samkomulagi, að það sé til komið vegna ágreinings aðila um verðmat hlutabréfa í eigu búsins, en stefnandi hafi „látið leggja mat á hlutabréfin í Bakka hf. og Dynjanda hf. og talið þau meira virði en nafnverð“. Jafnframt segir, að með nefndri greiðslu sé lokið öllum ágreiningi um verðmat eigna við fjárskiptin, enda sé greiðslan í samræmi við það verðmat, sem stefnandi hafi fengið á hlutabréfunum. Stefnandi hefur borið fyrir dómi, að hún hafi ekki leitað álits annarra en bróður síns, áður en hún setti fram kröfu sína um endurskoðun samningsins, þrátt fyrir ábendingar hans og annarra, sem ráðlagt hafi sér að leita sér ráðgjafar í tengslum við fjárskiptin.

Leyfisbréf til skilnaðar að borði og sæng var, eins og áður segir, gefið út 27. október 1995. Var fjárskiptum þá lokið í samræmi við framangreinda samninga.

Með bréfi lögmanns stefnanda, dagsettu 24. maí 1996, var óskað eftir viðræðum við stefnda um breytingar á áður gerðu samkomulagi um lífeyris-

greiðslur og gerð nýs fjárskiptasamnings, áður en til lögskilnaðar kæmi, en ella hótad málsókn til ógildingar á greindum löggerningum. Spunnust af þessu nokkrar bréfaskriftir, sem óþarft er að rekja samhengis vegna, en leiddu að lokum til málshöfðunar þessarar 17. október 1996.

Á dómþingi 17. apríl 1997 voru Andri Teitsson verkfræðingur og Theodór Sigurbergsson, löggiltur endurskoðandi, dómkvaddir til að láta í té rökstutt álit um verðmæti 81,46% hlutafjár í Bakka hf., Hnífsdal, miðað við 3. apríl 1995, við 19. október 1995 og loks verðmæti sama hlutar á matsdegi að teknu tilliti til samrunans við Bakka Bolungarvík hf. 12. desember 1996.

Í niðurstöðum hinna dómkvöddu matsmanna frá 6. október 1997 segir svo:

1. Verðmæti 81,46% hlutafjár í Bakka hf., Hnífsdal, var 3. apríl 1995 35,2–41,6 milljónir króna.
2. Verðmæti 81,46% hlutafjár í Bakka hf., Hnífsdal, var 19. október 1995 84,9–100,3 milljónir króna.
3. Verðmæti hlutafjár í Bakka Bolungarvík hf., sem samsvaraði áður 81,46% af hlutafé í Bakka hf., Hnífsdal, var 337.050.000 krónur á síðasta skráða söludegi á Opna tilboðsmarkaðnum 26. september 1997.

Matsmenn komu báðir fyrir dóm við aðalmeðferð máls og staðfestu framangreindar niðurstöður. Fram kom í vætti Andra Teitssonar, að Bakki hf., Hnífsdal, hefði verið lokað hlutafélag á þeim tíma, er fjárskipti fóru fram milli aðila, þ. e. ekki á almennum hlutabréfamarkaði. Við mat á verðmæti hlutabréfa í slíku félagi skipti almennt máli, hvort um meirihlutafjáreign sé að ræða eða ekki. Vitnið kvað matsmenn ekki hafa tekið tillit til skattskuldbindinga við gerð matsins.

Auk áðurgreindra vitna komu fyrir dóm Agnar Ebenesersson, Júlíus K. Björnsson og Þorsteinn Jóhannesson.

Júlíus K. Björnsson sálfræðingur bar fyrir dómi, að stefnandi hefði fyrst leitað til sín í febrúar 1995 vegna depurðar og vanlíðunar, sem hún rakti til þess, er hún komst að því, að hjónaband sitt og stefnda væri í hættu. Stefnandi hafi síðan komið í fimm viðtöl hjá vitninu á tímabilinu 1.–11. mars 1995. Í niðurlagi álitsgerðar vitnisins, sem staðfest hefur verið fyrir dómi, segir meðal annars, að á greindu tímabili hafi stefnandi verið „andlega ekki vel haldin, kvíðin og döpur, ásamt því að upplifa miklar tilfinningalegar sveiflur, einbeitingarskort og eirðarleysi. Það er mat undirritaðs, að hún hafi ekki verið fullfær í því ástandi til að taka mikilvægar fjármálalegar ákvarðanir, enda var henni ráðlagt að fá sér sérfræðiaðstoð í öllum slíkum málum, svo að ekkert það gæti gerst, sem gæti valdið henni vandræðum síðar meir“.

Þorsteinn Jóhannesson, yfirlæknir á Fjórðungssjúkrahúsinu á Ísafirði, bar fyrir dómi, að samkvæmt gögnum sjúkrahússins hefði stefnandi leitað þangað í október 1994 vegna andlegs ástands síns, sem skilgreint hefði verið sem kvíðaþunglyndi, og þá fengið ávísuð kvíðastillandi lyf og lyf við þunglyndi. Stefnandi hefði síðan leitað til vitnisins í desember sama ár vegna fyrirhugaðrar skurðaðgerðar, og hefði þá verið mat vitnisins, að andlegt ástand hennar væri ekki sem skyldi. Hún hefði síðan legið á sjúkrahúsinu frá 31. janúar til 8. febrúar 1995 og aftur frá 3. til 5. maí 1995. Vitnið kvað báðar innlagnir hafa verið tengdar skurðaðgerðum, en eftir útskrift 8. febrúar hefði stefnandi fengið inni á svokallaðri gistivist sjúkrahússins og dvalist þar tæpa viku, enda hefði hún ekki treyst sér til að fara fyrr heim vegna erfiðra kringumstæðna í einkalífinu. Vitnið kvaðst hafa hitt stefnanda aftur sem sjúkling 25. apríl 1995 og þá skráð hjá sér svohljóðandi lýsingu á andlegu ástandi hennar: „Veruleg sálræn vandamál.“ Vitnið kvað stefnanda hafa verið óvinnufæra vegna líkamlegra veikinda sinna frá 15. janúar til 31. maí 1995.

III.

Stefnandi reisir köfu sína um ógildingu gerðra fjárskiptasamninga, annars vegar 3. apríl 1995 og hins vegar 19. október 1995, á því, að þeir hafi verið bersýnilega ósanngjarnir gagnvart sér á þeim tíma, er þeir voru gerðir, sbr. 95. gr. hjúskaparlaga nr. 31/1993. Samkvæmt samningunum tveimur hefði komið í sinn hlut 10.000.000 króna fasteign málsaðila ásamt áhvílandi skuldum, að langmestu leyti vegna hlutafjárkaupa, innbú að verðmæti 1.500.000 krónur, fólksbifreið að verðmæti 1.000.000 króna og um 8.000.000 króna í reiðufé, en rúmar 4.000.000 króna af þeirri fjárhæð hefðu verið greiddar með sameiginlegum sparnaði aðila. Stefnandi hafi á hinn bóginn fengið í sinn hlut 81,46% hlutafjár í einu stærsta fiskvinnslufyrirtæki á Vestfjörðum, þ. e. Bakka hf., Hnífsdal, sem í árslok 1994 hafi átt öll hlutabréf í útgerðarfélaginu Bakkaskipum hf. og hlutafé í Hugin hf. Þá hafi stefndi og fengið hlutafé aðila í útgerðarfélaginu Dynjanda hf. (75% alls hlutafjár), að verðmæti 19.361.000 krónur, miðað við 3. apríl 1995. Ekkert mat hafi farið fram á verðmæti greindrar hlutafjáreignar aðila fyrir gerð umræddra fjárskiptasamninga, þótt orðalag þeirra bendi til annars. Stefnandi hafi á þeim tíma, er samningarnir voru gerðir, enga yfirsýn haft yfir fjárhag búans og litla innsýn í rekstur og hlutafjáreign í nefndum fiskvinnslu- og útgerðarfyrirtækjum. Frumsamningurinn hafi verið gerður eftir forskrift stefnda, sem lagt hafi hart að stefnanda, að gengið yrði skjótt frá skilnaðarkjörum, en við gerð samningsins hefði stefnandi hvorki notið ráðgjafar né liðsinnis. Þá hefði stefnandi á greindum tíma verið andlega niðurbrotin vegna hjú-

skaparbrots stefnda og skilnaðarins í heild, enda verið búin að treysta á stefnda og styðja hann í einu og öllu á 27 ára sambúðartíma aðila. Í ljósi þessa hefði stefnandi treyst því, að samningurinn, sem lagður hefði verið fyrir hana til undirritunar, hefði verið sanngjarn og eignum aðila skipt í samræmi við helmingaskiptareglu hjúskaparlaga. Annað hefði komið á daginn, svo sem glögg mætti ráða af niðurstöðum dómkvaddra matsmanna.

Kröfu sína um breytingu á samkomulagi um lífeyrisgreiðslur reisir stefnandi á því, að hún hafi á sambúðartíma aðila verið heimavinnandi að mestu leyti og helgað sig fjölskyldu og fyrirtæki. Hún hafi aðeins haft óverulegar launatekjur af ræstingastörfum í fjölskyldufyrirtækinu og því treyst á, að stefndi sæi fjölskyldunni farborða. Við skilnað aðila hafi orðið grundvallarbreyting á högum stefnanda, og því þurfi hún tíma til að koma sér út á vinnumarkað og aðlaga sig að honum, jafnvel með aukinni menntun. Þá mæði nú meira á stefnanda fjárhagslega gagnvart börnum aðila, sérstaklega hinu yngsta, sem lúti forsjá hennar, en stefndi greiði með barninu tvöfalt meðlag frá 1. janúar 1997. Jafnframt beri að líta til þess, að stefnandi hafi átt við andleg og líkamleg veikindi að stríða árið 1995 og enga framfærslu hlotið frá stefnda frá samvistarslitum 1. apríl 1995 til uppkvaðningar dóms í lögskilnaðarmáli aðila 6. nóvember 1997, ef frá er talin 750.000 króna eingreiðsla. Telur stefnandi, að með þeirri fjárhæð hafi stefndi aðeins sinnt framfærsluskyldu sinni gagnvart stefnanda frá samvistarslitum til útgáfu leyfisbréfs til skilnaðar að borði og sæng 27. október 1995. Sé bersýnilega ósanngjarnt, ef slík eingreiðsla lífeyris eigi að standa óhöggðuð, þegar lögskilnaður dregst. Beri því með vísan til 52. gr. hjúskaparlaga að breyta gildandi samningi með dómi.

Verði ekki fallist á framangreindar kröfur stefnanda á grundvelli tilvitnaðra ákvæða hjúskaparlaga, er því haldið fram til vara, að atvik við samningsgerð og síðari atvik leiði til þess, að ósanngjarnt sé að bera samningana fyrir sig. Beri því samkvæmt 36. gr. laga nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga, eins og henni var breytt með 6. gr. laga nr. 11/1986, að ógilda hvorn tveggja, fjárskiptasamning og lífeyrissamning.

Kröfu sína um málskostnað styður stefnandi við XXI. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, einkum 129. og 130. gr. laganna.

IV.

Stefndi reisir sýknukröfu sína á því, að stefnandi hafi hvorki fært fram haldbær rök né sannanir fyrir því, að samningar aðila um eignaskipti hafi verið bersýnilega ósanngjarnir gagnvart stefnanda á þeim tíma, sem til þeirra var stofnað, svo sem áskilið sé í 95. gr. hjúskaparlaga nr. 31/1993. Tel-

ur stefndi, að umrætt tímamark beri að miða við 24. febrúar 1995, er aðilar hafi undirritað frumsamkomulag um eignaskiptin, en efni þess hafi ratað nánast óbreytt inn í fjárskiptasamning þann, sem undirritaður hafi verið 3. apríl 1995 og staðfestur fyrir sýslumanni sama dag. Verði ekki á þetta fallist, beri að miða umrætt tímamark við 3. apríl 1995. Stefndi bendir á, að við eignaskiptin hafi stefnandi kosið að fá í sinn hlut örugg verðmæti, sem hún gæti treyst á síðar meir, og viljað eftirláta stefnda þá áhættu, sem óhjákvæmilega fylgdi sveiflukenndum rekstri sjávarútvegsfyrirtækis og háður væri frammistöðu hans sjálfs að mestu leyti. Stefndi hafi og sem stjórnarformanni Bakka hf., Hnífsdal, verið gjörkunnugt um fjárhagsstöðu félagsins og tekið virkan þátt í stjórnun þess og öllum ákvörðunum. Því mótmælir stefndi þeirri fullyrðingu stefnanda, að verðmæti hlutabréfa í Bakka hf., Hnífsdal, hafi á þeim tíma, sem hér skiptir máli, verið annað og miklu meira en stefnandi hafi getað gert sér grein fyrir. Þá er því og mótmælt, að stefnandi hafi með öðrum hætti staðið höllum fæti við samningsgerð aðila og að veikindi hennar hafi haft einhver áhrif á samkomulag aðila um eignaskipti. Stefndi telur, að það hafi því verið umfram skyldu, er hann féllst á að greiða stefnanda 6.000.000 króna með samningsviðauka, dagsettum 28. apríl 1995, en sú greiðsla, er þá hafi verið innt af hendi, hafi verið talsvert umfram helming sameiginlegra bankainnstæðna aðila, er skipti fóru fram. Með viðaukanum frá 19. október 1995 hafi stefndi enn fallist á greiðslu umfram skyldu, er numið hafi 2.000.000 króna, og bendir á orðalag þess samkomulags, sem taki af öll tvímæli um, að endanlegt og bindandi uppgjör hafi þá farið fram milli aðila, en í tengslum við þá samningsgerð hafi stefnandi haft alla aðstöðu til að meta hagsmuni sína og verðmæti hlutafjáreignar aðila. Jafnframt bendir stefndi á tvennt í þessu sambandi, annars vegar, að hann hafi tekið á sig skuld aðila á viðskiptareikningi hjá Bakka hf., Hnífsdal, sem 3. apríl 1995 hafi numið 3.045.411 krónum, og hins vegar hafi hann 26. október 1995 greitt 366.965 krónur í afborgun af yfirteknu láni stefnanda við Próunarsjóð sjávarútvegsins, svo að yfirtekin skuld hennar við sjóðinn hafi í raun aðeins numið 1.650.547 krónum. Beri að taka tillit til þessara greiðslna við fjárskiptin.

Stefndi mótmælir því sérstaklega, að reglur fjármunaréttarins geti valdið því, að skilnaðarsamningur sinn og stefnanda verði ógiltur að öllu leyti eða að hluta, enda hafi stefnandi ekki sýnt fram á, að ósanngjarnt sé að bera hann fyrir sig, hvorki með tilliti til efnis samningsins og atvika við gerð hans né vegna atvika, er síðar hafi komið til.

Þá mótmælir stefndi því, að lagaskilyrði séu til að ógilda eða breyta samningi aðila um lífeyrisgreiðslur. Umræddur samningur hafi verið gerður

bókstaflega undir handleiðslu sýslumannsins á Ísafirði og verið stefnanda afar hagfelldur, meðal annars með tilliti til eingreiðslu hinnar umsömdu fjárhæðar. Búið hafi verið að efna samninginn, löngu áður en mál þetta var höfðað, og engar forsendur séu til að hrófla við honum. Jafnframt bendir stefndi á, að stefnandi hafi með öllum tiltækum ráðum reynt að tefja fyrir útgáfu lögskilnaðarleyfis, meðal annars með málsókn þessari. Fallist dómur engu að síður á að taka lífeyrissamninginn til endurskoðunar, geti ekki komið til greina að ákvarða stefnanda lífeyrisgreiðslur í meira en tólf mánuði frá 2. maí 1995 að telja, enda hafi eftir þann dag einungis ágreiningur um forsjá yngstu dóttur aðila komið í veg fyrir útgáfu leyfis til skilnaðar að borði og sæng.

Málskostnaðarkröfu sína styður stefndi við 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála og lög um virðisaukaskatt nr. 50/1988.

V.

Svo sem að framan greinir, voru málsaðilar sammála um að leita skilnaðar að borði og sæng 3. apríl 1995 hjá sýslumanninum á Ísafirði. Áður en sá skilnaður var veittur, komst á samkomulag með aðilum um skipan forsjár yngsta barns þeirra, um framfærslueyri með stefnanda og aðra skilnaðarskilmála, þar á meðal fjárskipti. Er þessara atriða getið í endurritum úr gerðabók sýslumannsembættisins fyrir skilnaði að borði og sæng og vísað til fram lagðs fjárskiptasamnings frá 3. apríl 1995 í leyfisbréfinu sjálfu, sem gefið var út 27. október 1995. Með staðfestingu aðila fyrir löglærðum fulltrúa sýslumanns 6. og 9. nóvember sama ár, þar sem vísað er til viðaukanna tveggja frá 28. apríl og 19. október 1995, var fullnægt skilyrðum 1. mgr. 43. gr. og 1. mgr. 44. gr. hjúskaparlaga nr. 31/1993 til útgáfu skilnaðarleyfisins. Jafnframt komst þá á bindandi fjárskiptasamningur með aðilum, sbr. 1. mgr. 95. gr. hjúskaparlaga.

Samkvæmt 2. mgr. 95. gr. hjúskaparlaga er unnt að fella úr gildi samning um fjárskipti milli hjóna vegna hjúskaparslita að nokkru eða öllu með dómi, „ef hann var bersýnilega ósanngjarn á þeim tíma, er til hans var stofnað“, eins og orðrétt segir í ákvæðinu. Ágreiningslaust er, að lögmæltir tímafrestir samkvæmt ákvæðinu voru ekki liðnir, er mál þetta var höfðað. Framangreint skilyrði er tvíþætt og lýtur annars vegar að efni viðkomandi samnings og hins vegar að ákveðnu tímamarki. Verður fyrst hugað að síðara atriði.

Fyrir liggur, að aðilar óskuðu eftir skilnaði að borði og sæng fyrir löglærðum fulltrúa sýslumanns 3. apríl 1995 og lögðu þann dag fram til staðfestingar skriflegan samning um fjárskipti sín, dagsettan sama dag. Vegna

ágreinings, er síðar reis um forsjá fyrir yngsta barni þeirra og greiðslu framfærslueyris með stefnanda, dróst útgáfa skilnaðarleyfis og staðfesting samnings þessa, eins og áður er rakið. Í 1. mgr. 95. gr. hjúskaparlaga er kveðið á um, að samninga um fjárskipti milli hjóna skuli staðfesta fyrir sýslumanni eða dómara eftir atvikum. Fyrir verða slíkir samningar ekki skuldbindandi. Samningur aðila frá 24. febrúar 1995, sem stefndi vill miða réttaráhrif við, var hvorki lagður fyrir sýslumann til staðfestingar, svo sem lög bjóða, né heldur vísað til hans með einum eða öðrum hætti í samningi aðila frá 3. apríl 1995. Þegar af þeirri ástæðu kemur ekki til álita að miða umrætt tímamark við gerð þess samnings.

Í 1.–4. gr. fjárskiptasamnings frá 3. apríl 1995 er fjallað um helstu eignir og skuldir aðila, sem koma skyldu undir skipti við skilnað þeirra að borði og sæng, þar á meðal fasteignir, ökutæki og hlutabréf. Í 5. gr. samningsins segir, að öðrum eignum, svo sem innbúi, hafi verið skipt milli aðila samkvæmt sérstöku samkomulagi. Er ágreiningslaust, að þar sé átt við viðaukasamning þann, sem dagsettur er 28. apríl 1995, en gerður var 3. apríl sama ár. Er og í viðaukanum vísað til téðrar 5. gr. samningsins og sagt, að viðaukinn skuli skoðast sem hluti þess samnings. Er um þetta ekki ágreiningur með aðilum. Vegna ágreinings, er síðar reis um verðmat aðila á hlutabréfum í eigu búins, sbr. 3. gr. samningsins frá 3. apríl 1995, féllst stefndi á að greiða stefnanda 2.000.000 króna til viðbótar fyrri fégjaldi með samningi, dagsettum 19. október 1995. Segir í þeim samningi, að hann komi til viðbótar fyrri samningum, og skuli hið nýja samkomulag skoðast sem hluti þeirra. Þegar litið er til þessa orðalags, verður ekki ályktað á annan veg en aðilar hafi við gerð samningsviðaukans, líkt og við gerð fyrri viðauka, ætlað honum að verða hluti af samningnum frá 3. apríl 1995. Ber því að virða samningana þrjá sem eina heild í skilningi 2. mgr. 95. gr. hjúskaparlaga og miða stofndag fjárskiptasamnings aðila við það tímamark. Fær sú niðurstaða stoð í 1. mgr. 101. gr. sömu laga.

Kemur þá næst til álita, hvort umræddur samningur teljist bersýnilega ósanngjarn miðað við það tímamark, er til hans var stofnað, en sönnunarbyrði fyrir því hvílir á stefnanda. Við mat á því ber að hafa í huga, að vilji aðila stóð til að skipta búinu á grundvelli helmingaskiptareglu 103. gr. hjúskaparlaga. Til að fella megí samninginn úr gildi á grundvelli 2. mgr. 95. gr. laganna, þarf því að liggja fyrir, að skiptin hafi í krónum talið verið ójöfn, svo að stefndi hafi fengið í sinn hlut mikinn meiri hluta verðmæta búins.

Fyrir liggur, að við gerð samningsins mátu aðilar fasteign búins á 10.000.000 króna, bifreið á 1.000.000 króna, verðmæti hlutabréfa í Íslandsbanka hf. á 14.000 krónur og hlut í harðfiskshjalla á 50.000 krónur. Á

greindu tímamarki námu bankainnstæður aðila samtals 4.338.000 krónum, en 5. apríl 1995 greiddi stefnandi 695.000 krónur inn á reikning stefnda. Er ekki ágreiningur um ofangreindar fjárhæðir. Með hliðsjón af vætti Björns Jóhannessonar héraðsdómslögmanns, sem stoð fær í framburði stefnanda, þykja ekki efni til annars en miða við, að andvirði innbús aðila hafi á samningsdegi verið talið 1.500.000 krónur, en stefndi hefur ekki gert aðra og hærri fjárhæð sennilega. Í greindum samningi var verðmæti hlutabréfa í eigu búsins miðað við nafnverð. Með hliðsjón af niðurstöðum dómkvaddra matsmanna, sem hefur ekki verið hnekkð fyrir dómi, verður að telja, að verðmæti hlutabréfanna í Bakka hf., Hnífsdal, hafi verið metið að miklum mun of lágt miðað við raunverulegt verðgildi 3. apríl 1995. Telur dómurinn eigi óvarlegt að miða verðmæti hlutafjárins við lægsta verðmat samkvæmt matsgerð, 35.200.000 krónur. Þegar tekið hefur verið tillit til greiðslu tekjuskatts vegna sölu á hlutabréfunum, nam nettóverðmæti bréfanna því 27.193.000 krónum miðað við 3. apríl 1995. Séu verðmæti hlutabréfa búsins í Dynjanda hf. metin miðað við sömu forsendur og samkvæmt ársreikningi félagsins 1994 og leiðréttri stöðu hans 3. apríl 1995, hefði verðmæti 75% hlutar á markaði numið 9.538.000 krónum. Nettóverðmæti hlutarins eftir greiðslu skatta yrði samkvæmt því 4.087.000 krónur.

Samkvæmt öllu framanröktu verður að telja, að verðmæti eigna búsins hafi numið eigi lægri fjárhæð en 48.182.000 krónum, er til samnings var stofnað 3. apríl 1995. Gögn málsins bera með sér, að á sama tímamarki hafi helstu skuldir búsins numið 2.229.000 krónum vegna áhvílandi veðskulda og 3.045.000 krónum vegna skuldar á viðskiptareikningi hjá Bakka hf., Hnífsdal, samtals 5.274.000 krónum. Samkvæmt því hefur hrein eign búsins 3. apríl 1995 numið 42.908.000 krónum. Miðað við helmingaskipti hefðu því átt að falla í hlut hvors aðila um sig 21.454.000 krónur. Fram er komið, að stefnandi fékk í sinn hlut fasteign, bifreið og innbú málsaðila, sem þau mátu að verðmæti 12.500.000 krónur, og 6.000.000 krónur í reiðufé. Ber að líta svo á, að sú greiðsla hafi farið fram með afhendingu á bankainnstæðum aðila, að fjárhæð 4.338.000 krónur, og viðbótargreiðslu, að fjárhæð 1.662.000 krónur. Þannig fékk stefnandi í sinn hlut samtals 18.500.000 krónur. Að teknu tilliti til greiðslu áhvílandi veðskulda, 2.229.000 krónur, sem stefnandi tók að sér samkvæmt samningi, féll í hennar hlut hrein eign, að verðmæti 16.271.000 krónur. Stefndi fékk 3. apríl 1995 í sinn hlut harðfiskshjall, að verðmæti 50.000 krónur, hlutabréf í Íslandsbanka hf., að verðmæti 14.000 krónur, og hlutabréf búsins í Bakka hf., Hnífsdal, og Dynjanda hf., sem að lágmarki verður að telja, að hafi verið að verðmæti 31.294.000 krónur. Frá þeirri fjárhæð dragast 1.662.000 krónur, sem stefndi greiddi

stefnanda, og viðskiptaskuldin hjá Bakka hf., Hnífsdal, að fjárhæð 3.045.000 krónur. Féll þannig í hlut stefnda hrein eign að verðmæti 26.637.000 krónur.

Samkvæmt þessu hefði stefndi þurft að láta 5.183.000 krónur af hendi rakna til stefnanda, til að helmingaskiptum væri náð í krónum talið 3. apríl 1995. Er það og samsvarandi fjárhæð, sem stefnandi gerði kröfu til úr hendi stefnda, er hún óskaði endurskoðunar á fjárskiptasamningi aðila í október 1995. Liggur ekki annað fyrir en stefnandi hafi þá haft undir höndum nauðsynleg gögn til að leggja mat á verðmæti hlutabréfa í eigu búðsins, eins og fram kemur í 2. gr. samningsviðaukans frá 19. október 1995. Með téðum viðauka, sem gerður var til leiðréttingar fyrri samningi, tókst samkomulag með aðilum um, að stefndi greiddi stefnanda 2.000.000 króna sem fullnaðargreiðslu vegna ágreinings aðila um verðmat nefndra hlutabréfa. Viku síðar innti stefndi af hendi 367.000 króna afborgun af yfirtekinni skuld stefnanda við Próunarsjóð sjávarútvegsins. Að teknu tilliti til nefndra greiðslna, sem inntar voru af hendi í þeirri trú, að helmingaskiptum væri þar með náð á hjúskapareignum aðila, nam verðmæti hlutar stefnanda 18.638.000 krónum (43,5% af hreinni eign búðsins) og verðmæti hlutar stefnda 24.270.000 krónum (56,5% af hreinni eign búðsins). Samkvæmt því vantar enn 2.816.000 krónur upp á, að stefnandi hafi fengið helming af hreinni eign búðsins í krónum talið miðað við framangreindar viðmiðanir, eins og stefnt hafði verið að við fjárskiptin. Þegar á hinn bóginn er virt, að stefnandi fékk í sinn hlut fasteign aðila, bifreið, innbú og 8.000.000 króna í reiðufé, en stefndi aðallega hlutabréf í lokuðum útgerðarfélagum með óvissu markaðsverði, þykir ekki hafa verið nægjanlega sýnt fram á, að samningur aðila um fjárskipti frá 3. apríl 1995 ásamt viðaukanum frá 19. október 1995 hafi verið bersýnilega ósanngjarn á þeim tíma, er til samningsins var stofnað. Þá hefur stefnandi ekki sýnt fram á, að önnur atvik, svo sem ójöfn staða aðila við samningsgerð, þekkingarskortur, andlegt heilsufar stefnanda eða síðari verðhækkanir á hlutafjáreign stefnda, leiði til þess, að ógilda beri samninginn. Ber því að sýkna stefnda af þeirri kröfu stefnanda.

Óumdeilt er, að 2. maí 1995 komu málsaðilar sér saman um skyldu stefnda til greiðslu lífeyris með stefnanda. Féllst stefndi þann dag á að inna þá skyldu af hendi með 750.000 króna eingreiðslu, en áður hafði stefnandi farið fram á 125.000 króna greiðslur mánaðarlega, að því er ætla verður, í sex mánuði frá samvistarslitum aðila 1. apríl 1995. Til að unnt sé að breyta þeim samningi með dómi, þarf stefnandi samkvæmt 1. mgr. 52. gr. hjúskaparlaga að sýna fram á, að sýnilega ósanngjarnt sé „vegna breyttra aðstæðna“ að halda samningnum til streitu. Við mat á því ber að hafa í huga sömu atriði og tilgreind eru í 2. mgr. 51. gr. laganna, þ. e., hvers ætla megí,

að stefnandi geti aflað sér sjálf, hvað telja megi stefnda aflögufæran um, hvort telja beri stefnanda þörf á menntun eða endurhæfingu, og loks, hversu lengi hjúskapur hefur staðið. Stefnandi hefur ekki sýnt fram á, að aðstæður sínar hafi breyst, eftir að samningurinn var gerður 2. maí 1995, umfram það, sem vænta mátti í kjölfar samvistarslita aðila og yfirvofandi skilnaðar. Verður því ekki fallist á kröfu stefnanda um breytingu á greindum lífeyrissamningi á grundvelli 52. gr. hjúskaparlaga. Þá hefur stefnandi hvorki sýnt fram á, að samningurinn hafi verið ósanngjarn á þeim tíma, er hann var gerður, né að síðari atvik valdi því, að ósanngjarnt sé nú af hálfu stefnda að bera hann fyrir sig, en við gerð samningsins nutu aðilar handleiðslu löglærðs fulltrúa sýslumannsins á Ísafirði. Verður samningnum því ekki vikið til hliðar með stoð í 36. gr. samningalaga nr. 7/1936, sbr. 6. gr. laga nr. 11/1986.

Prátt fyrir framangreind úrslit máls þykir rétt með vísan til 3. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, að hvor aðila beri sinn kostnað af málinu að öðru leyti en því, að dæma ber stefnda til að greiða helming kostnaðar vegna öflunar matsgerðar samkvæmt reikningi dómkvaddra matsmanna, að fjárhæð 613.580 krónur, þ. e. 306.790 krónur.

Það athugast, að vegna jólaleyfa og anna dómsformanns hefur dómsupp-saga dregist nokkuð. Eru lögmenn aðila sammála hinum fjölskipaða dómi um, að óþarft sé þó að endurflytja málið, sbr. 1. mgr. 115. gr. einkamálalaga.

Dóminn kvað upp Jónas Jóhannsson héraðsdómari ásamt meðdómendunum Hervöru Þorvaldsdóttur héraðsdómara og Helga V. Jónssyni, lög-giltum endurskoðanda.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Aðalbjörn Jóakimsson, skal vera sýkn af kröfum stefn-
anda, Sigríðar Kristinsdóttur, í máli þessu að öðru leyti en því, að
stefndi greiði stefnanda 306.790 krónur í málskostnað.